

Pési



Lesið þetta

- Blómleg ferðapjónusta
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Aðalfundir
- Gönguferðir

Næsti Pési kemur 15. ágúst Skil á efni er 12. ágúst Pésinn kemur ekki

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Fjárlaganefnd	4
Fjáröflun	17
Gjörningur	19
Skemmtiferð	21
Gönguferðir	22
17. júní	24

Júní 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 217. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Smíðastofa

Á síðasta hreppsnefndarfundinum var sveitarstjóra falið að ganga til samninga við SG hús á Selfossi um byggingu lausrar kennslustofu fyrir handavinnu þ.e. hverskonar smíðar o.þ.h. Sigurður Kjartansson, verkfræðingur sem á hús og land í Miðfelli sér um útfærslu byggingarinnar. Staðsetning hússins verður suðvestan við mötuneyti Flúðaskóla. Kostnaðaráætlun nemur kr. 13.000.000 fyrir utan undirstöður. Með tilkomu hússins opnast leið inn í garð skólans. Það er ánægjulegt að fylgjast með verkefninu, lesið í skóginn og á hvern hátt nemendum er kennt að tálga í tré o.þ.h.



Farvegi Litlu Laxár breytt Ljósm.. HK



Blómleg ferðapjónusta í Hrunamannahreppi

Nú er ferðapjónustan að fara í fullan gang hér í hreppnum. Ferðamálafulltrúinn okkar hún Ásborg Arnþórsdóttir er dugleg við að auglýsa svæðið og benda á möguleika í ferðapjónustunni hér í uppsveitum Arnessýslu. Fyrir skömmu stóð hún fyrir því að safna saman þeim ferðapjónustuaðilum sem áhuga höfðu á og efndi til vettvangsferðar í ferðapjónustufyrirtæki í hreppnum. Þetta er í rauninni kærkomið tækifæri fyrir það fólk sem starfar í ferðapjónustunni að kynna sér það sem í boði er hér á svæðinu. Hópurinn safnaðist saman á Gistiheimilinu Grund en það er ört vaxandi fyrirtæki og er kærkomin viðbót í ferðapjónustuflóruna í hreppnum. Því næst var farið að Dalbæ þar sem byggt hefur verið upp ljómandi góð gístaðstaða og þar sem ferðamenn geta haft afnot af eldhúsi einnig var ekið um svæði þar sem frístundabyggð verður í landi Dalbæjar. Því er haldið fram að á þessu svæði séu dulmögnuð öfl sem afstressa menn. Þar er einnig listmunagerð og margt fallegra muna eftir Rut Sigurðardóttur. Þaðan var haldið að Álfaskeiði þar sem eru góð tjaldsvæði í fögru umhverfi. Næst var ferðinni heitið að Syðra-Langholti þar sem er góð aðstaða í bændagistingu en einnig eru þar leigðir út sumarhúsaðilar og hestaleigan nýtur vaxandi vinsælda. Í Syðra-Langholti er gamalgróin og traust þjónusta. Næst var golfvöllurinn og golfskálinn í Snússu í Ásatúnslandi skoðaður og síðan var haldið í golfskálann og á golfvöllinn á Efra-Seli. Hvorutveggja einstakt framtak og vaxandi. Þá var nýja tjaldsvæðið skoðað og að lokum var farið á Hótel Flúðir þar sem boðið var uppá myndalegar veitingar að hætti húsráðenda. Að þessu sinni var ekki farið á fleiri staði en auðvitað eru fleiri aðilar sem stunda ferðapjónustu í hreppnum þar má m.a. nefna sveitakrána Útlagann og fleiri aðilar vinna að listmunagerð s.s. Sigríður Helga Olgeirsdóttir í Hruna og Helga Magnúsdóttir í Bryðjuholti. Gríðarleg þjónusta er einnig í kringum frístundahúsin sem hér eru. Við getum verið stolt af fjölbreytni þeirrar ferðapjónustu sem er hér um slóðir. Á hverju ári er ákveðin þróun í ferðapjónustunni fjölbreyntin vex og þeir aðilar sem stunda ferðapjónustuna eru ekki í samkeppni heldur styður hver eining hverja aðra. Fjölbreyntin gerir svæðið meira spennandi. Það var mál manna sem voru með í þessari ferð að nauðsynlegt væri fyrir ferðapjónustuaðilana að bera saman bækur sínar til þess að hægt sé að benda á hvað í boði er. Ferðapjónustan er svo sannarlega alvöru atvinnugrein sem er ört vaxandi. Þegar pistillinn er skrifaður skín sól í heiði og er vonandi tákn um gott sumar ferðapjónustuaðila sem og annarra atvinnugreina og íbúa hreppsins.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
Sveitarstjóri

Spennandi viðfangsefni og einstakt framtak Ragnars Kristins

Hrunamaðurinn og athafnamaðurinn Ragnar Kristinn lætur nú drauma sína rætast. Hann er að gefa út hljómdisk með lögum sem hann hefur samið. Diskurinn ber nafnið „FALLEGUR DAGUR“ en hann var tekinn upp í tónlistarhöll Karla-kórs Reykjavíkur, Ými, í tónlistarskóla FÍH og einnig í hljóðveri Ríkisútvarpsins í Lettlandi. Útsetningar eru eftir tvo Letta, annar heitir Viktors Rítvovs sem er einn af fremstu djasspíanóistum Lettlands hinn er Dzintra Erliha konsertpíanóista en hún hélt m.a. tónleika á Flúðum árið 2005. Með Ragnari eru frábær hljóðfæraleikarar sem taka þátt í flutningi laganna þar á meðal nokkrir af bestu hljóðfæraleikurum Íslands. Þar má nefna Hjörleif Valsson með strengjasveit, Jóel Pálsson saxafónleikari, Birgir Bragason kontrabassaleikari, Sigtryggur Baldursson og Matthías Hemstock sem sjá um áslátt. Á disknum eru 10 leikin („instrumental“) lög en Þuríður Sigurðardóttir og Egill Ólafsson syngja sitthvort lagið. Þetta er glæsilegt framtak Ragnars og er þetta líklega í fyrsta sinn sem einstaklingur í Hrunamannahreppi ræðst í framtak sem þetta. Diskurinn kemur út 19 júní n.k. og verður m.a. seldur í öllum helstu plötubúðum landsins, þar á meðal Versluninni Strax á Flúðum. Hrunamenn og landsmenn allir eru hvattir til að láta ekki happ úr hendi sleppa og kaupa diskinn. Hann er einnig upplagður í tækifærisgjafir.

Fjárlaganefnd Alþingis í heimsókn

Ein virðulegasta og mikilvirkasta nefnd Alþingis kom hér í heimsókn þann 10 júní s.l. Á hverju ári fer nefndin um ákveðin svæði og nú var Suðurlandið fyrir valinu. Hreppsnefnd tók á móti nefndinni á Hótel Flúðum og fór yfir helstu mál sem snerta hreppinn sem tengist ríkisvaldinu. Þar skipta samgöngumálin miklu máli. Hreppsnefnd treystir því að brú við Bræðratungu verði að veruleika fyrir árið 2010 og ekkert bendir til þess að svo verði ekki. Þá hefur Fjárlaganefnd veitt ákveðinni fjárupphæð í Minjasafn Emils Ásgeirssonar á Gröf. Brýnt er að halda áfram framkvæmdum í vegagerð við Langholtsfjall. Bakkatúnsvegur var ræddur. Einnig var farið yfir framkvæmdir í frárennismálum. Ríkisvaldið tekur þátt í þeim kostnaði og mun þeirra framlag nema um 20% af heildarkostnaði. Hins vegar gengur illa að ná inn þeim peningum. Það var ánægjulegt að taka á móti Fjárlaganefndinni en formaður hennar er Gunnar Svavarsson (sonur Svavars heitins Gests) en Gunnar á einmitt frístundahús hér í hreppnum og hefur áhuga fyrir málefnum sem tengjast okkur. Það olli okkur nokkrum vonbrigðum að fjárlaganefndin var hvergi nærri fullskipuð þegar hún kom hingað.

Vegagerð í hreppnum

Vegaframkvæmdum miðar nokkuð vel áfram í hreppnum. Annars vegar er um að ræða Auðsholtveg við Syðra Langholt en þar er verktakafyrirtækið Nesey að verki hins vegar eru framkvæmdir við Skeiða- og Hrunamannaveg upp við Haukholt en þar sér Árni Hjaltason um verkið en Borgarvirki átti lægsta tilboð í verkið. Miklar samgöngubætur verða að þessum framkvæmdum loknum

Mælt fyrir nýjum vegi v. brúar yfir Hvítá

Fulltrúar Vegagerðarinnar eru að hefja hönnun á vegi sem tengir okkur við brúna yfir Hvítá. Vegurinn fer í gegnum land sem er í eigu Hrunamannahrepps og Högnastaða. Vegagerðin hefur ekki enn rætt við landeigendur vegna þessa. Lengi hefur verið beðið eftir brúnni sem á eftir að gerbreyta samskiptum hér í uppsveitunum.

Hrunamannahreppur í samstarfi

Launafulltrúinn okkar Guðrún Hermannsdóttir hefur tekið að sér að reikna út laun fyrir Flóahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp, auk þess sem hún reiknar út laun fyrir Hrunamannahrepp. Hrepparnir borga fyrir þessa þjónustu og hefur þetta samstarf gengið vel en þetta er þriðji mánuðurinn sem þessi háttur er hafður á. Þá er líklegt að kalt vatn verði lagt úr Hrunamannahreppi yfir í Skeiða- og Gnúpverjahrepp annarsvegar á Reykjabæina og hins vegar á bæina Skarð og Þrándarholt. Á sama hátt er greitt fyrir þessa þjónustu en sveitarfélög eru ekki skyldug til þess að leggja vatnsveitu í dreifbýli einungis í þéttbýli með 200 íbúa og fleiri. Verið er að reikna út kostnað vegna þessara framkvæmda.

Litla – Laxá í nýjum farvegi

Nú hefur rennsli Litlu-Laxár verið breytt. Þessi breyting var fyrst og fremst hugsuð til þess að koma í veg fyrir landrof á bakkanum gengt Vesturbruninni. Lengi hefur verið rætt um þessi mál en nú hefur þetta verið framkvæmt. Hrunamannahreppur hafði fengið öll tilskilin leyfi til þess að gera þetta. Fyrirhleðslusjóður Landgræðslunnar tekur þátt í þessum kostnaði en fulltrúi hennar hafði hönd í bagga með hönnuninni sem heimamaðurinn Guðmundur Hjaltason vann á vegum Verkfræðistofu Suðurlands. Það er von okkar og trú að þessi framkvæmd verði til góðs þegar til lengri tíma er liðið.

Halldór Gestsson

Sá starfsmaður sem lengst allra hefur starfað fyrir Hrunamannahrepp, Halldór Gestsson húsvörðu Flúðaskóla og Leikskólans Undralands lést snögglega þann 29. maí s.l. Halldór var einstaklega samviskusamur og hafði gott lag á að starfa með starfsfólki skólans og leikskólans sem og með öðrum starfsmönnum hreppsins. Við minnumst Halldórs með þakklæti og virðingu en hann er öllum harmdauði. Við skólaslit Flúðaskóla og á Vorhátíð Leikskólans Undralands var Halldórs sérstaklega minnst með virðulegum hætti.

Hrunamannahreppur tekur lán að nýju

Á síðasta hreppsnefndarfundum var samþykkt að taka lán á nýjan leik hjá Lána-sjóði sveitarfélaga. Upphæðin er kr. 25.000.000 verðtryggt, á bestu kjörum sem bjóðast um þessar mundir. Vextir eru 5,6% til 25 ára.

Fyrsta iðnaðarhúsið rís

Athafnamaðurinn Úlfar Harðarson er í óða önn að reisa nýtt iðnaðarhús á svokallaðri Iðjuslóð á Flúðum. Þetta er tímanna tákn en Úlfar var einnig fyrstur til þess að reisa iðnaðarhúsið sem hann nefnir Steðja í gamla iðnaðarhúsahverfinu. Hrunamannahreppur hefur þegar úthlutað þremur lóðum í hinu nýja hverfi.

Fornleifarannsóknir við Búðarárþakka

Kristján Mímisson fornleifafræðingur mun nú sem undanfarin sumur dvelja á Búðarárþakka og rannsaka íverustað manns sem talin er hafa búið til sérstakra hamra úr steini sem notaðir voru til þess að berja harðfisk. Hann er talinn hafa riðið með hamra þessa til Eyrarþakka og fengið fisk í staðinn. Kristján stefnir að því að ljúka verkefninu nú í sumar um leið er hann að vinna að doktorsritgerð vegna þessa verkefnis.

Útskrifuð með hæstu einkunn

Það er ánægjulegt að starfsmenn okkar eru sífellt að bæta við sig menntun og reynslu. Þannig er t.d. Lilja Helgadóttir starfsmaður á skrifstofunni í fjar-námi og stefnir ljóst og leynt að því að verða viðskiptafræðingur. Áslaug Bjarnadóttir starfsmaður okkar á bókasafninu útskrifaðist í vor sem bóka-safnstæknir frá Borgarholtsskóla með hæstu einkunn. Við óskum Áslaugu til hamingju með glæsilegan árangur og hvetjum starfsmenn til dáða. Kennarar og leiðbeinendur í skólanum og leikskólanum eru einnig mjög duglegir að sækja námskeið.

Staðardagskrá 21

Um alllangt skeið hefur verið unnið að staðardagskrá 21 hér í Hrunamanna-
hreppi. Svokölluð Ólafsvíkuráætlun var undirrituð í vetur og drög að staðar-
dagskránni hafa verið kynnt öllum nefndum sveitarfélagsins. Á næstunni
verða drögin sett inná heimasíðu okkar fludir.is. Þá geta íbúar gert athuga-
semdir áður en endanlega verður gengið frá áætluninni. Verkefnisstjóri er
Eva Marín Hlynsdóttir en í nefndinni eru auk hennar Þórunn Andrésdóttir og
Ísólfur Gylfi Pálmason. Heilmikil vinna hefur verið lögð í áætlunina og
verður vonandi hið merkilegasta plagg.

Kaupþing segir bless!

Nú hefur það verið fullreynt að Kaupþing banki mun hætta starfsemi sinni
hér á Flúðum. Síðast fór sveitarstjóri á fund Ingólfs Helgasonar sem er yfir-
maður starfsemi Kaupþings á Íslandi. Þessari ákvörðun Kaupþings og Ís-
landspósts verður ekki haggð. Fulltrúar Sparisjóðs Suðurlands hafa rætt við
framkvæmdastjóra Íslandspóst sem fer með þessi mál og er Íslandspóstur
ekki til í að greiða nema helming þeirrar upphæðar sem hann greiddi Kaup-
þingi fyrir að annast afgreiðslu hér á Flúðum. Til marks um hve fólk er ó-
ánægt með þetta skrifuðu um 400 manns sig á mótmælalista sem afhendur
hefur verið fulltrúum Kaupþings og Íslandspósts, það er mikill fjöldi í 800
manna samfélagi. Flestir þeirra sem skrifuðu sig á listann voru 18 ára og
eldri.

Afréttarvegur lagfærður

Þúsundþjalasmiðirnir frá Grafarbakka þeir Emil og Eiríkur hafa lagfært veg-
inn inná Hrunamannaafrétt. Gröfutæknismenn munu hefla veginn inn að
Svínárnesi og Guðbjörn í Hvítárdal er umsjónarmaður afréttaskálanna eins
og undanfarin ár. Þá mun Jón Viðar sjá til þess að hestamenn geti fengið
fóður handa hrossum sínum við afréttarskálana eins og undanfarin ár. Gisting
í skálunum kostar kr. 1800 og kr. 450 kostar tuggan í hrossin. Í fyrra fór
hreppsnefndin í Helgaskála til málningarvinnu

Gönguleiðakort

Nú mun gönguleiðakort af Hrunamannahreppi brátt líta dagsins ljós.
Margir hafa lagt hönd á plóginn og er kortið fyrst og fremst hugsað fyrir ein-
staklinga sem áhuga hafa á útivist og náttúruskoðun. Það er Ferða-
menn-
ingar og æskulýðsnefnd sem sér um útgáfuna undir stjórn Evu Marínar
Hlynsdóttur.

Skipulagðar gönguferðir

Í þessum Pésa er samráætlun um gönguferðir um hreppinn. Það er FMÆ nefnd, Ferða-, menningar og æskulýðsnefnd sem stendur fyrir gönguferðunum. Þetta er einstaklega gott framtak nefndarinnar en um árabíl hafa verið skipulagðar slíkar ferðir. Fólk er hvatt til þátttöku. Fyrsta ferð var farin í gær frá Fossi þar sem Sigríður Jónsdóttir, kúa – og skógarbóndi var leiðsögu- maður.

Jónsmessan og flugdagurinn

Þeir félagar Maggnús Víkingur og Georg Már Ottósson eru að undirbúa flugdag sem verður haldinn 21. Júní n.k. Þetta er frábært framtak hjá þeim félögum þar sem bryddað verður uppá ýmsu skemmtilegu. Hátíðin hefst kl. 14.00. Nú er það þeirra að semja við umhverfisráðherrann sem stýrir veður- stofunni og þar með veðurfræðingunum sem senda okkur vonandi gott veður. Gott að hafa ötult fólk í hreppnum.

Upplýsingaskilti um Hrunamannahrepp

Útbúið hefur verið upplýsingaskilti sem sett verður upp við Brúarhlöð. Það er Ferða- menningar og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps sem stóð fyrir því að skiltið var útbúið. Skiltið verður sett upp nú í mánuðinum og þá mun Vegagerðin einnig setja upp bekk og borð á svæðinu þannig að fólk geti áð og fengið sér hressingu og virt fyrir sér skiltið og hið fagra landslag sem hér er.

Lokaúttekt á fráveituframkvæmdum

Lokaúttekt á fráveituframkvæmdum á Flúðum fer fram 16. júní. Grétar Skúlason mun síðan sá í moldarflögin. Þá munum við á næstunni ganga frá vegalögn að reiðhöllinni. Það er ánægjulegt að sjá hve fólk notar mikið það útivistarsvæði sem er í mótun í Torfdalnum og er alveg ljóst að umferð gangandi og hlaupandi fólks á eftir að aukast. Þá er Litla-Laxá farin að streyma eftir nýjum farvegi og er það ósk okkar og von að þetta leiði til þess að hún brjóti ekki eins mikið land og hún hefur áður gert.

17. júní

Þjóðhátíðarnefndin vinnur dag og nótt að undirbúningi hátíðarhalda þann 17. júní. Í nefndinni eru Ásta Oddleifsdóttir sem er formaður, Þórarinn Ingi Úlfarsson en þau eru bæði fulltrúar hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Ólöf Guðnadóttir er fulltrúi kvenfélagsins og Halldóra Hjörleifsdóttir er fulltrúi Ungmennafélagsins. Eins og sjá má er valin maður í hverju rúmi og þjóð- hátíðardagurinn er alltaf tilhlökkunarefni. Við treystum á að blíðviðri verði þennan dag. Í þessum Pésa er auglýsing frá nefndinni.

Rusladagurinn - hreinsunarvika

Sú skemmtilega hefð hefur skapast hér að útnefnd ruslamálaráðherra á ári hverju. Að þessu sinni var Þórarinn Valgeirsson einróma kjörinn. Hann hefur auglýst hreinsunarviku sem stendur nú yfir og eru íbúar hreppsins eindregið hvattir til þess að taka til hendinni í góða veðrinu og stuðla að því að gera fallega sveit en fegurri. Þá verður hinn árlegi hreinsunardagur á Flúðum laugardaginn 14. Júní. Þá verður safnast saman við íþróttahúsið þar sem fólk verður skipt í hópa og síðan verður kveikt í brennu kl. 19.30 á gámasvæðinu. Þar verður duglegum ruslahreinsurum boðið uppá grillaðar pylsur og drykki.

Aðalfundur Ungmennafélags Hrunamanna var haldinn 28. apríl 2008. Í Huppusal. Þar voru tekin fyrir venjuleg aðalfundarstörf og málin rædd.

Ný stjórn var kosin og er hún svona:

Form. Kristján Geir Guðmundsson

Gjaldk: Árni Þór Hilmarsson

Ritari: Halldóra Hjörleifsdóttir

Meðstjórnendur.

Jón Viðar Finnsson

Kolbrún Kristín Danielsdóttir

Skúli Guðmundsson

Rætt var um þá stöðu að íþróttahúsið er ekki að anna þeirri eftirspurn eftir tímum sem hægt er.

Ályktun kom frá fundinum til hreppsnefndar varðandi íþróttahús og er hún svohljóðandi:

Aðalfundur UMFH 28. apríl 2008.

Á þessu ári er Ungmennafélag Hrunamanna 100 ára í tilefni þess telur aðalfundurinn félagsins það verðugt verkefni fyrir sveitastjórn að færa félaginu þá afmælisgjöf að klára byggingu íþróttahússins.

Greinargerð: Ljóst er að stærð hússins í dag hamlar mjög starfsemi deilda UMFH, þá skal bent á góðan árangur meistaraflokks karla í körfubolta, íþróttahúsið uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru af KKI til liða í 1. deild.

Einnig var rætt um hátíðarhöld í tilefni af 100 ára afmæli félagsins, stefnt er að því að halda Álfaskeiðshátíð í sumar. Það verður auglýst nánar síðar.

Fréttir frá ÁSÆL
Aðalfundur og ársrátið félagsins var haldinn 29/3 “08.
Var vel sótt að vanda og tókst vel.

Breytingar urðu á stjórn.

Hilmar Jóhannesson gaf ekki kost á sér áfram og var Eiríkur Kristófersson kosinn í hans stað. Í varastjórn kom Þorsteinn Loftsson. Stjórnin er þannig skipuð:

Unnsteinn Hermannsson formaður, Eiríkur Kristófersson gjaldkeri, Harri Kjartansson ritari, Bjarni V Guðmundsson varaformaður, Þorsteinn Loftsson varagjaldkeri, Gunnar Eiríksson vararitari.

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar að setja á árgjald í félaginu fyrir árið 2008 kr. 2000 á skráðan féлага og verða gíróseðlar sendir út. Fyrirhugað er að klára Fosslækjarhúsið í sumar. Eftir er að tyrfa þak, hlaða upp vegg, að innan þarf að klæða, smíða kojur en svefnaðstaða verður fyrir 24, setja upp eldunaraðstöðu og kyndingu og er áætlaður kostnaður við þetta um ein og hálf milljón. Búið er að setja um tvær milljónir í húsið auk vinnu félagsmanna, sem er öll í sjálfboðavinnu. Pokasjóður styrkti okkur um 400 þúsund og einnig hefur sveitarstjórn lofað fjárstuðningi. Félagar slá kirkjugarðana í Hruna og Tungufelli, fyrir það fæst allgóð upphæð og ef árgjöld skila sér vel er möguleiki á að markmiðið náist.

Ef einhverjir hafa áhuga á að styrkja félagið þá er það vel þegið, reikn no. 0325-26-300863, kt. 211243-4499.

Fyrirhugað er að fara í Fosslæk um miðjan júlí og aftur aðra helgina í ágúst. Vinnu ferðir í Fosslæk verða boðaðar með sms. skilaboðum eins og áður og verður kirkjugarðasláttur boðaður með sama sniði.

Með sumarkveðju

Unnsteinn Hermannsson formaður ÁSÆLS

Frá Bókasafni Hrunamanna.

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Á bókasafninu er tölva fyrir almenning tengd Internetinu.

Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Alltaf eitthvað nýtt í hverri viku.

Verið hjartanlega velkomin.

Sími : 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Aðalfundur og skýrsla.

Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar

var haldinn 27. apríl 2008

Mætti hópur af fólki og voru líflegar umræður.

Nýr ritari og nýr meðstjórnandi voru kosnir og er nýja stjórnin svona:

Borgþór Vignisson Form.

Óskar Rafn Emilsson gjaldk.

Elvar Logi Gunnarsson ritari.

Meðstjórnendur:

Steingrímur Jónsson og Ágúst Helgi Sigurðsson

Skýrsla stjórnar var lesin upp og er hún hér:

Skýrsla stjórnar. Feb 2007- Feb 2008

Starfsemin var með hefðbundnum hætti. Farið var í útköll, hjálparbeiðnir, æfingaferðir, og sinnt fjáröflun.

Alls voru 21 útköll og hjálparbeiðnir á árinu.

Þar af voru þrjú á Rauðum, aðstoð við sjúkraflutning.

Helstu fjáraflanir á árinu voru flugeldasala og girðingarvinna fyrir Landgræðslu Ríkisins og girðingarvinna á afréttinum. Einnig var blómasala, gæsla, jólatrésala o.fl.

Farið var í nokkrar æfingarferðir inná afrétt og í Hvítánna.

Keyptar voru 3 tetrahandstöðvar.

Styrkur kom frá Landsneti vegna undirbúnings við að gera Fordinn að sjúkrabíl og er sú vinna í fullum gangi.

Hitaveita Flúða gaf Björgunarfélaginu tetrastöð í Fordinn og í húsið.

Unnið var að því að laga og breyta í húsinu í vetur.

Landsþing Landsbjargar var haldið í Reykjanesbæ í maí, 2 fulltrúar fóru þangað.

Öllum nemendum og starfsfólki Flúðaskóla voru færð endurskinsmerki.

Auk þess sem 1. bekkur fékk endurskinsborða.

Unglingadeildin er alltaf að stækka og er starf hennar talið upp í skýrslu deildarinnar.

Haldnir voru 8 stjórnarfundir og 1 félagsfundur auk þess sem tölvupóstar og símar voru notaðir.

Þökkum við samstarfið á árinu
Stjórn Bf. Eyvindar .

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskups-tungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

AUGLÝST EFTIR HÚSNÆÐI FYRIR VÍNBUÐ Á FLÚÐUM

Áfengis og tóbaksverslun ríkisins óskar eftir að taka á leigu húsnæði fyrir Vínbúð á Flúðum.

Stærð húsnæðis skal ekki vera minna en 45 fm. og þarf að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vera miðsvæðis og á jarðhæð.
2. Góð aðkoma fyrir viðskiptavinum.
3. Næg bílastæði.
4. Gerð er krafa um að vínbúðin og/ eða merkingar vínbúðarinnar séu sýnileg fyrir viðskiptavinum frá bílastæðum eða við aðkeyrslu að vínbúðinni.
5. Góð aðkoma að vöruhurð fyrir flutningabíla með vörur og vörulyftara.
6. Húsnæðið verður að fullnægja öllum kröfum sem opinberar eftirlitsstofnanir og umsagnaraðilar gera til slíks og samþykkt af þeim.
7. Leigutími húsnæðisins skal vera til 5 ára.
8. Sérstaklega er lögð áhersla á meðal annars gott aðgengi hreyfihamlaðra, birtulýsingu (500-600 lux) og hljóðdempun í verslun ásamt góðri aðstöðu starfsfólks.

Áhugasamir skulu senda öll gögn um það húsnæði sem þeir hyggjast bjóða í lokuðu umslagi til skrifstofu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík fyrir 30. júní 2008

Gögn þurfa meðal annars að innihalda eftirfarandi:

1. Staðsetningu húsnæðis
2. Teikningar af húsnæði
3. Afhendingartími
4. Ástand húsnæðis við afhendingu
5. Leiguverð - í leiguverði skal vera tilgreindur allur kostnaður sem til fellur.

Reykjavík, 12. júní 2008
Áfengis – og tóbaksverslun ríkisins

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Auglýsing
Verðum með kaffihlaðborð 17.júní
Frá kl. 14.30- 17.00



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-22:00

Laugardaga 10:00-22:00

Sunnudaga 10:00-20:00

17. júní er opið frá 10:00-19:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Útplöntun

Sunnudagskvöldið þann 22. júní verður Skógræktarfélag Hrunamanna með sína árlegu útplöntun í Kópvatnsásinn. Mæting um 20:30 við gamla kartöflukofann.

Eftir útplöntunina verða að sjálfsgöðu hinar hefðbundnu veitingar félagsins. Hlökkum til að sjá ykkur.
Stjórnin



KAUPPING

Hraðbankinn

er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á

Flúðum:

mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00

Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 10:00-21:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 10:00-18:00

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu í sumar*

*Mánudaga til fimmtudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Föstudaga: 09:00-12:30

Skrifstofan er lokuð frá 10 júlí til 28. júlí

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

JEPPADEKK

Til sölu eru 4 ný og ónotuð jeppadekk.

Continental 255/70 R16.

Seljast á hálfvirði nýrra.

Upplýsingar í síma: 843 0100.

Bílstjóri

Meiraprófsbílstjóri óskast til starfa hjá Flúðaleið ehf.
Allar nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892 2370

Taktu þér tak með
Herbalife.
Hringdu og fáðu frían
prufupakka
Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.
silja1@simnet.is / 892
6728



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Bændur athugið!

Við í körfuboltadeildinni ætlum núna í sumar að fara af stað með nýja fjáröflun. Hún felst í því að safna hólkum, sem eru inn í rúlluplasts rúllunum, fyrir fyrirtæki sem selur túnþökur. Því viljum við biðja ykkur um að að geyma hólkana, þegar þið eruð búin með plastið af rúllunni, og hafa samband við okkur. Við komum svo og sækjum hólkana til ykkar.

Hafa skal samband í síma 865-6709 eða senda e-mail á netfangið kot3@visir.is

Með von um gott samstarf og gott gengi í heyskapnum í sumar.
Stjórn körfuboltadeildar UMFH

KÆRU SVEITUNGAR

Þakka innilega öllum þeim sem glöddu mig og samfögnuðu mér í tilefni af 80 ára afmælisdegi mínum, þ. 20. apríl sl.

Kær kveðja
Svava á Hrafnkelsstöðum

Göngugarpar!

Göngum á mánudögum kl. 20:00 frá sundlauginni Flúðum.

Gengið rösklega í u.þ.b. klst

Allir velkomnir

Kveðja frá göngugörpum.

Frá Landbúnaðarnefnd:

Kæru landeigendur.

Landbúnaðarnefndin vill benda bændum og búaliði á að hafa augun opin gagnvart tófuferðum á ferð sinni um sín heimalönd. Verði vart við greni eða reglubundnar ferðir tófu viljum við biðja fólk um að hafa samband við grenjaskyttur eða á skrifstofu hreppsins.

Réttir.

Hrunaréttir eru orðnar afar illa farnar og löngu orðið tímabært að byggja nýjar. Til þess að hægt sé að hanna nýjar réttir viljum við biðja þá bændur sem ætla sér að nýta afréttinn á næstu 5-10 árum, að senda Landbúnaðarnefndinni upplýsingar um það og áætlaðan fjárfjölda. Upplýsingarnar skal senda fyrir 15 Júlí á Haukholt@Haukholt.is

Aðalfundur

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Hrunamanna verður haldinn í starfsmannaaðstöðu Límtrés á Flúðum, mánudaginn 16.júní kl: 20:30

Dagskrá : Venjuleg aðalfundastörf

Þann 18.júní milli kl: 20 og 22 verður tekið á móti hryssum til Huga frá Hafsteinsstöðum í Hrunagirðingu, örfá pláss laus. Verð kr: 65000 m/vsk.

Pröstur frá Hvammi verður í seinna gangmál .

Aðaleinkunn 8.59

Verð kr: 56000 m/vsk,

Stjórnin



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Torfi Harðarson með gjörning á Næsta bar.

Torfi Harðarson frá Reykjadal í Hrunamannahreppi er án efa meðal fremstu myndlistamanna í að mála íslenska hestinn í sínu náttúrulega umhverfi. Hann hefur einstakt lag á því í myndum sínum að ná fram lífi, hreyfingu og krafti hjá þessari fögru skepnu.

Torfi hefur haldið fjölda einkasýninga og prýða myndir hans víða, hér-landis sem og erlendis. Hann hefur komið víða við í listsköpun sinni m.a. er hann vinsæll skopmyndateiknari. Undanfarin ár hefur hann gert íslenska hestinn að sínu helsta viðfangsefni.

Frá og með 3. júní og næstu vikur í sumar ætlar Torfi að fremja gjörning með því að mála beint á helsta sýningarvegg Næsta bars. Þar munu gestir staðarins sjá verkið fæðast og breytast dag frá degi. Ekki er ólíklegt að rekast megi á listamanninn að störfum.

Næsti bar er að Ingólfsstræti 1a, gegnt Íslensku Óperunni. Staðurinn er opin frá kl. 17:00 alla daga.

Nánari upplýsingar gefur Torfi Harðarson í síma: 692-9111

Jónsmessu fluggleði

Laugardaginn 21. júní kl 2 ehd. munu Flúðasveppir ehf og Laufskálar ehf standa fyrir flughátíð á Flúðaflugvelli með svipuðu sniði og í fyrra, nema hvað nú ætlumst við til að fá mun betra veður. Við bjóðum til okkar ýmsum flugvélaeigendum, sem munu taka fólk í stutta flugtúra til að kynna fluglistina fyrir sveitungum, bændur t.d. Hafa gaman af að sjá jarðir sínar úr lofti.

Við munum selja grillaðar SS pylsur og gos á 100 kr stykkið, hafa grænmetismarkað og ýmsar uppákomur í þeim tilgangi að gera daginn, sem er lengsti laugardagur ársins að hátíðisdegi okkar allra.

Flug er framtíð.

Georg Ottósson Magnús Víkingur

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútuvogi 13. sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán



Grímsævintýri

Handverksfólk – framleiðendur
athafnamenn – þjónustuaðilar

Laugardaginn 9. ágúst nk. verður haldinn markaðsdagur á Borg í Grímsnesi. Þar verður í boði aðstaða til að selja og kynna varning og starfsemi eins og undanfarin ár.

Á sama tíma verður tombóla kvenfélagsins og margt, margt fleira.

Peir sem áhuga hafa á að taka þátt í markaðsdeginum og vera með sölubása hafi samband, fyrir 31. júlí, við:

Áslaugu í síma 895 7117 eða netfangið aslaug@gogg.is,
Guðrúnu í síma 868 3003 eða netfangið eyvik@hive.is eða
Kristínu í netfangið stina@gogg.is fyrir 31. júlí nk.

Skemmtiferð Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Nú er komið að hinni árlegu skemmtiferð kvenfélagsins. Að þessu sinni ætlum við að gerast túristar í höfuðborginni nánar tiltekið 101 Rvk. Farið verður frá Félagsheimilinu kl. 13.00 föstudaginn 20. júní Birna Þórðardóttir ætlar að röltla með okkur um Þingholtin og miðbæinn, og segja frá því sem fyrir augu ber. Þetta verður mjög létt ganga og við stoppum og tyllum okkur niður þegar þurfa þykir. Síðan ætlum við að kíkja inn á Næsta bar en undanfarið hefur Torfi Harðarson verið þar að gera gjörninga og skoðum við afrakstur þeirra. Að síðustu ætlum við að fá okkur að borða á einhverjum góðum veitingastað niður í bæ. Kostnaður við ferðina er kr. 3000 auk kostnaður vegna matar og drykkjar.

Vinsamlega látið vita um þátttöku fyrir 16. júní.

Helena s. 486-6575 og 698-2101

Mildrid s. 486-6667 og 821-1201

Valdís s. 486-6717 og 894-3333

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2008

Allir velkomnir

Ferða- menningar- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps kynnr hér fyrir ykkur gönguferðir sumarsins.

Þetta er sjöunda sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir og reynum við að höfða til sem flestra með því að hafa þær langar og stuttar, erfiðar og léttar. Í öllum ferðum er fólki boðið upp á að skoða markverða staði.

1. ferð. 12. júní. Kvöldganga. Kl. 20.00.

Foss – Ingjaldshnúkur. (Háhnúk)

Gengið frá Fossi upp á Tjarnheiði, fram Jötufjall og upp á Ingjaldshnúk sem er 389m, þaðan sést yfir stóran hluta Suðurlands ef vel viðrar.

Áætlaður göngutími 2-3. klst.

Fararstjóri Sigríður Jónsdóttir Fossi.

2. ferð. 26. júní. Kvöldganga. Kl. 20.00.

Tungufell – Svartárgljúfur.

Lagt af stað frá Tungufelli, gengið inn Tungufellsdal og upp á Tófu-hól, þaðan í gegnum ilmandi skóginn og Svartárgljúfur skoðað, en það er vandlega falið í skóginum og í því mjög fallegur foss. Endað í Tungufelli.

Áætlaður göngutími 2-3. klst..

Fararstjórar Elín Jóna Traustadóttir og Svanur Einarsson.

3. ferð. 10. júlí. Kvöldganga. Kl. 20.00

Hruni – Hrepphólar. (Gengið milli kirkna).

Lagt af stað frá kirkjustaðnum Hruna og þaðan farið að Hrunalaug. Gengið á Galtafell, en þaðan er útsýni mikið ef gott er veður. Þá er gengið eftir fellinu og fundin niðurganga austan megin þar sem Stóra-Laxá rennur. Stuðlabergið í Hólahnjúkum skoðað og endað við kirkjuna í Hrepphólum.

Áætlaður göngutími 4. klst.

Fararstjóri sr. Eiríkur Jóhannsson prestur í Hruna.

4. ferð. 17. júlí. Kvöldganga. Kl. 20.00.

Langholtsfjall, Tæpi stígur, Álfaskeið.

Gengið frá Golfskálanum Ásatúni, göturnar austan undir Langholtsfjalli. Eftir þægilegt þræmm á reiðgötum er gengið upp eftir Tæpa stíg, og komið á hinn þekktu samkomustað Álfaskeið. Þaðan er haldið áfram og mjakað sér upp að sjónvarpsmöstrunum, er þar frábært útsýni í allar áttir. Þegar allir hafa horft nægju sína er skundað niður að Ásatúni.

Áætlaður göngutími 3. klst.

Fararstjóri Guðbjörg Jóhannsdóttir Ásatúni.

5. ferð. 24. júlí. Kvöldganga. Kl. 20.00.

Högnastaðaás-Túnsberg.

Lagt af stað efst á Högnastíg á Flúðum, gengið er inn Högnastaðaás að vörðu í Túnsbergslandi, gömlu hrepparéttirnar í Túnsbergi verða skoðaðar og þaðan farið fram með Litlu-Laxá að Flúðum. Mjög skemmtileg leið.

Áætlaður göngutími 3. klst.

Fararstjóri Eiríkur Þorgeirsson Túnsbergi.

6. ferð. 7. ágúst. Kvöldganga. Kl. 20.00

Jata, byrgi Fjalla-Eyvindar, Kirkjuskarð.

Farin er heimreiðin að Fossi og þar tekin vegurinn að Jötu, að skilti um Fjalla-Eyvind, en þar er upphaf göngunnar. Gengið er fram Skipholtsfjall að byrgi Fjalla-Eyvindar, þaðan er rekstrarleiðin farin fram að Kirkjuskarði.

Áætlaður göngutími um 2-3. klst.

Fararstjóri Halldóra Hjörleifsdóttir Fossi.

7. ferð. 7. september. Dagsganga.

Stóru Laxárgljúfur.

Ekið inn í afrétt og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru Laxár, sem er rómað fyrir fegurð. Komið við í Hrunakrök og endað á Kaldbak. Ógleymanleg ganga. **Göngugarpar mæti á planið hjá Félagsheimilinu á Flúðum kl 10:00 þaðan verða þeir keyrðir inn í afrétt.** Áætlaður göngutími 7-8 klst. **Panta verður í þessa ferð hjá Mörtu Jónsdóttur í síma 4866586 eða 8684024**

Fararstjóri Anna Ásmundsdóttir



Hátíðardagskrá í Hruna- mannahreppi 17.júní 2008



Hæ hó jíbíbí jeij og jíbíbí jeij, það er kominn 17.júní

Dagskráin hefst með skrúðgöngu sem leggur af stað frá íþróttarhúsinu **kl. 13.30**. Að henni lokinni (um kl.14.00) hefjast hefðbundin hátíðarhöld í íþróttahúsinu. Séra Kristinn Ólason rektor í Skálholti flytur hugvekju. Magga Brynjólfsdóttir bóndi í Túnsbergi flytur hátíðarræðuna.

Að hátíðardagskrá lokinni verður ýmislegt í boði fyrir hátíðargesti:

- 17.júní hlaupið verður að vanda þreytt strax að lokinni hátíðardagskrá
 - Kassabílarallý verður haldið á lóð skólans
 - Hoppukastali verður fyrir yngri kynslóðina
 - Unglingadeildin Skúli mun bjóða uppá kassaklifur, andlitsmálningu og teyma hesta undir börnum.
 - Motor Cross sýning verður fyrir utan íþróttahúsið
- Bændur frá mismunandi búgreinum munu etja kappi

Vinsamleg tilmæli til fólks eru að leggja ekki bílum sínum við íþróttahús og skóla heldur nota [bílastæði við Félagsheimili](#).

Kæru sveitungar og aðrir gestir, það er von okkar að við getum átt saman ánægjulegan dag og að flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Skípulagðri dagskrá lýkur um kl.18.

17.júní nefndin

17.júní hlaupið:

- Keppt verður í tveimur aldursflokkum:
- 10 ára og yngri (fædd 1998 og síðar)
- 11 ára og eldri (fædd 1997og fyrr)
- Keppnin hefst strax að loknum hefðbundnum hátíðarhöldum
- Fyrst keppir yngri flokkurinn og síðan eldri.

Keppendur mæti við rásmark sem verður við íþróttahúsið.

Verðlauna afhending strax að lokinni keppni.

Kassabílarallý – Reglur

- Aðeins má nota bíla með fjögur hjól.
- Bílar skulu knúnir með mannaflí.
- Hámarksfjöldi keppenda með hverjum bíl eru þrír. Einn til að stýra og tveir til að ýta.

- Keppt verður í tveimur aldursflokkum: 11 ára og yngri og 12.ára og eldri.

Ökumenn bílanna verða að vera með hjálm

Skráning í keppnina hefst strax að loknum hefðbundnum hátíðarhöldum.

Kassabílarallýið hefst að loknu 17.júní hlaupi.

Verðlauna afhending strax að lokinni keppni.

Eftirtaldir aðilar verða með opið á 17. júní

Kaffi Grund kaffihlaðborð 14:30-17:00

Hótel Flúðir hátíðarkvöldverður

Verzlunin Strax opið 10:00-19:00

Ferðamiðstöðin opið

Golfskálinn Snússa, Ásatúni kaffihlaðborð 16:00-18:00



Flúðaskóli auglýsir eftir
kennurum og þroskaþjálfra til starfa
skólaárið 2008 – 2009

Við leitum að kraftmiklu fólki í eftirtaldar stöður:

Umsjón og almenna kennslu í 3. og 7. bekk

Náttúrufræðikennslu

Íþróttakennslu

Tónmennt

Sérkennslu

Öll þjónusta er á staðnum. Nánari upplýsingar má finna á
heimasíðu skólans <http://www.fludaskoli.is>

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2008.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir skólastjóri og
Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri í síma 4806610
fludaskoli@fludaskoli.is

Flúðaskóli auglýsir eftir starfsmanni í mötuneyti 40 % starfshlutfall viðkomandi þarf að geta hafið störf í ágúst. nánari upplýsingar gefur Ólöf Guðnadóttir matráður í síma 4806619. Einnig vantar starfskraft í ræstingar frá miðjum ágúst út næsta skólaár um 80 - 100% starfshlutfall er að ræða. Upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 4806611. Umsóknarfrestur er til 25 júní 2008.



Kælt sig í sumarhitnum

Ljósni: Sig Sigm



Þessir hressu krakkar afhentu sveitarstjóra hugmyndir sínar að byggingu “ramps” á Flúðum.

Ljósni:HK 27



Hlaupið í skarðið í Kvenfélagsskóginum Ljósm. Sig Sigm